

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2008, föstudaginn 5. desember kl. 11:20 var haldinn 100. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Þessi sátu fundinn: Guðlaugur G. Sverrisson, Júlíus Vífill Ingvarsson, Kjartan Magnússon, Sigrún Elsa Smáradóttir, Svandís Svavarsdóttir, Gunnar Sigurðsson og Björn Bjarki Þorsteinsson.

Ennfremur sátu fundinn forstjóri og framkvæmdastjóri fjármála.

Fundarritari var Eiríkur Hjálmarsson.

Þetta gerðist:

Í upphafi fundar minntist formaður þess að fundurinn væri hinn 100. í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

1. Framkvæmdastjóri fjármála sagði frá stöðu fjármála og lagði fram minnisblað um lánsfjármögnun og lausafjárstöðu Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 5. desember 2008.
2. Lagt fram erindi framkvæmdastjóra fjármála dags. 4. þ.m.

Samþykkt stjórnar, með fyrirvara um samþykki eigenda.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að bjóða út skuldabréfaflokk í íslenskum krónum, verðtryggt, allt að krónum 5.000.000.000. Gert er ráð fyrir að flokkurinn sé opinn. Lánið er ætlað til að brúa lánsfjárpörf Orkuveitu Reykjavíkur samkvæmt fjárhagsáætlun 2008.

Jafnframt veitir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur forstjóra og/eða framkvæmdastjóra Fjármála og/eða sviðstjóra Lántöku og áhættudreifingar umboð til að undirrita skuldabréfin, ásamt öllum nauðsynlegum skjölum sem tilheyra þessum skuldabréfum.

3. Lána- og áhættustýring Orkuveitu Reykjavíkur.
Ingvi Harðarson frá Askar Capital ásamt sviðstjóra Lántöku og áhættudreifingar komu á fundinn og lögðu fram umræðupunkta á glærum.
4. Önnur mál.
 - Lagt fram bréf rektors Háskólans á Akureyri þar sem skólinn þiggur boð um aðild að Umhverfis- og orkurannsóknasjóði Orkuveitu Reykjavíkur.

Næsti fundur verður haldinn 19. desember kl. 12:00.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 12:45

Guðlaugur G. Sverrisson,
Björn Bjarki Þorsteinsson, Gunnar Sigurðsson, Júlíus Vífill Ingvarsson, Kjartan Magnússon,
Sigrún Elsa Smáradóttir, Svandís Svavarsdóttir.